

253. fundur - 10. ágúst 2006

253. fundur hreppsnefndar haldinn 10. ágúst 2006 kl. 15:00.

Mættir allir aðalmenn.

Gústaf Jökull setti fund og bauð menn velkomna.

Var nú gengið til dagskrár.

- 1) 252. fundur hreppsnefndar þann 27. júlí 2006 tekinn til umræðu. Fundargerðin samþykkt.
- 2) Farið yfir fund mennta- og menningarmálanefndar frá 1. ágúst 2006. Fundargerðin samþykkt.

Mál til afgreiðslu.

- 3) Bréf frá Karli Gunnarssyni varðandi endurreisn skúrs norðan við Vertshús í Flatey. Málinu hefur verið vísað til bygginganefndar

Mál til kynningar.

- 4) Afrit af bréfi frá Ísafjarðarbæ. Tilkynning.
- 5) Bréf frá Guðmundi L. Hafsteinssyni arkitekt vegna Bæjar- og húsakönnunar í Flatey á vegum Húsafriðunarnefndar. Tilkynning.
- 6) Bréf frá landbúnaðarráðuneytinu til Reykhólahrepps til kynningar á hugsanlegri sölu á hluta Reykhólajarðarinnar. Beiðið um upplýsingar, ábendingar og viðhorf. Karli, Agli og Gústafi falið að vinna í málinu.

Önnur mál.

- 7) Athugasemdir Reykhólahrepps við umsögn Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Breiðafjarðarnefndar, Fornleifanefndar og Skógræktar ríkisins vegna stjórnsýslukæru Reykhólahrepps og fleiri á úrskurði Skipulagsstofnunar frá 28. febrúar 2006 um mat á umhverfisáhrifum Vesturlandsvegar nr. 60 í Gufudalssveit. Á 252. fundi var málinu frestað til 253. fundar.
Hreppsnefndin samdi athugasemdir vegna umsagnanna sem verður send viðkomandi aðilum. (Umsögnin birt hér fyrir neðan).
- 8) Liður 7 frá 252. fundi um helstu nýmæli í frumvarpi um mannvirki. Sveitarstóra, oddvita ásamt byggingafulltrúa falið að koma með umsögn um málið.
- 9) Styrktarsjóður EBÍ 2006. Reykhólahreppi boðið að senda inn umsókn um styrk frá Sjóðnum skv. reglum sjóðsins. Umsóknin skal vera vegna sérstakra framfaraverkefna á vegum sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að sækja um styrki.
- 10) Tilnefning í stjórn og í önnur trúnaðarstörf Fjórðungssambands vestfirðinga.
Varastjórn: Egill Sigurgeirsson.
Fulltrúi á aðalfund Landsvirkjunar: Sigurbjörg Daníelsdóttir.
Heilbrigðisnefnd: Ingibjörg Kristjánsdóttir, varamaður.
Fastanefnd um samgöngumál: Gústaf Jökull Ólafsson í aðalstjórn, Óskar Steingrímsson í varastjórn.
- 11) Val fulltrúa á Fjórðungsþing vestfirðinga í Súðavík þann 1. og 2. september 2006.
Aðalmaður: Gústaf Jökull Ólafsson og til vara Sigurbjörg Daníelsdóttir.

- 12) Erindi frá Bergsveini Reynissyni stjórnarformanni Kaupfélags Króksfjarðar um hvort Reykhólahreppur væri á einhvern hátt tilbúinn að koma að endurskipulagningu verslunarmála í hreppnum. Hreppsnefndin styður álit fyrrverandi hreppsnefndar frá 15. maí 2006 á 249. fundi þar sem hún er reiðubúin að skoða þann möguleika að kaupa verslunarhúsnæðið á Reykhólum og leigja væntanlegum rekstraraðila ef það mætti verða til að renna styrkari stoðum undir áframhaldandi verslunarrekstur í sveitarfélaginu.
- 13) Norce-verkefnið. Sigurbjörg Daníelsdóttir kynnti hugmynd um útgáfu matreiðslubókar með uppskriftum byggðum á hráefni fengnu úr og við Breiðafjörð. Ljósmyndari kemur á svæðið til myndatöku tengdri verkefninu, ásamt ritstóra og matreiðslumanni.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 19:30.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)
Karl Kristjánsson (sign)
Sigurbjörg Daníelsdóttir (sign)
Egill Sigurgeirsson (sign)
Óskar Steingrímsson (sign)

Athugasemdir hreppsnefndar Reykhólahrepps sbr. lið 7 hér að ofan.

Vísað er til bréfs umhverfisráðneytisins dags. 10. júlí 2006, tilvísun UMH06030015/10-02, er varðar umsagnir Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar og fleiri vegna stjórnsýslukæru Reykhólahrepps vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar frá 28. febrúar 2006 um mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar nr. 60 á milli Bjarkalundar og Eyrar í Reykhólahreppi.

Athugasemdir hreppsnefndar Reykhólahrepps vegna umsagna.

Hreppsnefnd Reykhólahrepps ítrekar fyrri afstöðu sína í þessu máli sem birtist í hnotskurn í eftirfarandi samantekt í umfjöllun skipulagsnefndar Reykhólahrepps sem hreppsnefndin gerði að sinni í kæru hreppsnefndarinnar frá 28.mars 2006:

“Skipulagsnefnd telur að með vegalagningu sem þverar Þorskafjörð við Kinnarstaði og liggur áfram út Hallsteinsnes samkvæmt leið B sé verið að ná fram þeim markmiðum sem sett voru með svæðisskipulaginu sem er í gildi. Með því að gera þessa leið að tillögu sinni sé Vegagerðin að framfylgja þeim markmiðum um framtíðarlegu vegarins sem fram koma í svæðisskipulaginu og mótuð voru á sínum tíma í samvinnu Reykhólahrepps og Vegagerðar rísisins.

Skipulagsnefnd telur að einungis þessi valkostur uppfylli þau skilyrði sem gera verði til nýrra vega hvað varðar umferaröryggi og greiðfærni. Með henni séu best tryggðir hagsmunir þeirra íbúa Reykhóla eða Króksfjarðarness, en um leið allra sem um veginn þurfa að fara s.s. íbúa í Vestur-Barðastrandarsýslu og ferðamanna.

Síðast en ekki síst leggur skipulagsnefnd áherslu á að leið B og þverun Þorskafjarðar er samkvæmt staðfestu og gildandi svæðisskipulagi fyrir Reykhólahrepp, en hvorki leiðir C né D eru í samræmi við skipulagið. Reykhólahreppur hefur lagt mikinn tíma og fjármuni í það að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til sveitarfélaga í skipulagslögum með því að ráðast í gerð skipulagsins.

Þykir skipulagsnefnd skjóta skökku við að lögbundið skipulag sveitarfélagsins sé virt að vettugi af Skipulagsstofnun með því að hafna leið B og telur að hreppsnefnd beri að kæra þennan úrskurð Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra og krefjast þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi hvað 2. áfanga varðar og að fallist verði á leið B.”

Hreppsnefnd þykir sæta furðu að bæði Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun skuli skella skollaeyrum við þeim fjölmörgu nýju upplýsingum og rökum sem koma fram í þeim kærum sem

lagðar voru fram til að hnekkja úrskurði Skipulagsstofnunar um að hafna alfarði leið B um Hallsteinsnes vegna birkikjarsins sem þar vex.

Svo er að sjá að stofnanirnar hafi ákveðið að standa á fyrri afstöðu sinni þrátt fyrir að með margvíslegum rökum hafi verið sýnt fram á að þær megin forsendur sem Skipulagsstofnun lagði til grundvallar úrskurði sínum eru að ýmsu leyti beinlínis rangar eða ónákvæmar og villandi. Gera verður þá kröfu að þegar nýjar og betri upplýsingar koma fram skuli tekið tillit til þerra, en ekki hamrað á fyrri afstöðu.

Skipulagsstofnun byggir enn á því að birkið á Hallsteinsnesi, þ.m.t. í Teigsskógi, beri að varðveita vegna þess hversu svæðið sé lítt snortið af mönnum og búsmala, þrátt fyrir að sýnt hafi verið fram á með margvíslegum rökum að svo er alls ekki, heldur er um að ræða svæði sem hefur verið nýtt alveg frá landnámi. Af því leiðir að sérstaða svæðisins er langt í frá eins mikil og stofnun lagði út frá í úrskurði sínum og alls ekki svo mikil að ekki megi bæta úr því sem verður að víkja fyrir veginum með mótvægisáðgerðum.

Um það er rætt að náttúran verði að fá að njóta vafans. Það er þó sérstakt áhyggjuefni að mati hreppsnefndar að íbúarnir og samfélagið, fólkið sem býr við norðanverðan Breiðafjörð og raunar á Vestfjörðum öllum, skuli í ákvörðunum Skipulagsstofnunar ekki njóta neins vafa.

Hér verður að hafa í huga hvaða framkvæmd er um að ræða. Verið er að fjalla um **eina þjóðveginn** sem liggur um Reykhólasveit og tengir saman byggðarlögin í Barðastrandarsýslu og er jafnframt eina tenging þéttbýlisins á Reykhólum við vestari hluta hreppsins. Hér er ekki um aðra valkosti að ræða.

Til þessara aðstæðna tekur Skipulagsstofnun ekki tillit. Við þessar aðstæður er eðlilegt að **ítrustu kröfur séu gerðar til umferðaröryggis og greiðfærni á eina veginum sem um er að ræða.**

Ítrekað kemur fram hjá Skipulagsstofnun að þó svo leið C og D kunni almennt séð að uppfylla lágmarkskröfur Vegagerðarinnar um umferðaröryggi og greiðfærni þá hafi leið B umtalsverða yfirburði yfir leiðir C og D varðandi áhrif á vegtæknilega þætti, umferðaröryggi og greiðfærni.

Í hnotskurn er það sem hér hvílir á vogaskálanum, **annars vegar mannlífin í umferðinni og hins vegar birkihríslur**. Það er ekki ásættanlegt að Skipulagsstofnun skuli aðeins vísa til samþykktu stjórnvalda sem lúta að náttúruvernd og sérstaklega til verndar birks, en láta hjá líða að vísa til annarra samþykktu og stefnumótunar s.s. samgönguáætlunar og umferðaröryggisáætlunar ríkisstjórnarinnar þar sem **áhersla er lögð á öryggari vegi og endurskoðun vegastaðla með tilliti til umferðaröryggis**.

Í þessu samhengi er einnig vert að benda á ákvarðanir Alþingis og þær forsendur sem Alþingi hefur lagt til grundvallar við ýmiss konar lagasetningu.

Í greinargerð með frumvarpi að lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 kemur fram að skipulagsáætlanir séu rauði þráðurinn í frumvarpinu, enda byggist öll landnotkun á þeim og að það sé í samræmi við stefnu stjórnvalda um að auka ábyrgð heimamanna á framkvæmd náttúruverndarmála. Dæmi um þetta er svæðisskipulag Reykhólahrepps sem bæði skipulagsstjórn ríkisins og umhverfissráðherra hafa staðfest og gerir ráð fyrir legu Vestfjarðavegar um Hallsteinsnes samkvæmt leið B – hina sömu leið og Skipulagsstofnun leggst nú gegn!!

Aðdragandi að setningu laga um vernd Breiðafjarðar var langur, m.a. sú umræða sem fram fór sumarið 1993 milli umhverfissráðherra og sveitarstjórnarmanna við Breiðafjörð um hvernig best yrði staðið að vernd náttúru og menningarverðmæta í firðinum og eflingu byggðar þar. Í athugasemdum með 1. gr. Frumvarpsins sem fjallar um tilgang laganna segir svo:

“Hér er gerð grein fyrir þeim tilgangi frumvarpsins að stuðla að vernd Breiðafjarðar. Gert er ráð fyrir almennri vernd sem nái einkum til verndar á landslagi, einstökum jarðmyndunum og lífríki, auk varðveislu menningarsögulegra minja. Stefnt er að því að varðveita náttúrufar Breiðafjarðar og menningarsögulegar minjar eftir því sem hægt er með hliðsjón af þróun byggðar og

atvinnuháttum þess fólks sem svæðið byggir. Vernd Breiðaffjarðar er ætlað að styrkja hefðbundna nýtingu hlunninda á svæðinu”

Í athugasemdum með 6. gr. frumvarpsins segir m.a.:

“Þróun skipulagsmála á síðustu árum hefur verið í þá átt að auka frumkvæði og ábyrgð sveitarfélaga við gerð skipulagsáætla. Samkvæmt 6. gr. Verða skipulagsáætlanir meðal þeirra stjórnækja sem ætlað er að stuðla að vernd Breiðaffjarðar. Hér er því lögð rík áhersla á samráð og samvinnu og að ekki sé verið a taka ábyrgð frá sveitarstjórnun.”

Hreppsnefnd Reykhólahrepps leggur áherslu á að umhverfisráðherra virði þann vilja Alþingis sem fram kemur í þessum tilvitnunum. Eftir þessum markmiðum hefur hreppsnefnd Reykhólahrepps farið í sinni skipulagsgerð og gengið út frá því að þó full ástæða sé til að umgangast náttúruna af varfærni, verði ríkari hagsmunir sem hafa hliðsjón af þróun byggðarinnar og atvinnuháttum þess fólks sem svæðið byggir, að hafa forgang þegar svo ber undir, eins og við á í þessu máli.

Hreppsnefnd telur að með því að fella úrskurð Skipulagsstofnunar um 2. áfanga framkvæmdanna úr gildi og heimila vegagerð samkvæmt leið B, muni umhverfisráðherra í hvívetna fara að þeim vilja Alþingis sem birtist í framangreindum tilvitnunum. Eðlilegt er að umhverfisráðherra setji ströng skilyrði um mótvægisaðgerðir. Í því sambandi er athugandi að hafa að einhverju marki hliðsjón af sjónarmiðum Skógræktar rísisins sem fram koma í 2. tl. bréfs hennar til ráðuneytisins frá 26.05.2006 að verð niðurstaðan sú að velja leið B um Teigsskóg að þá verði efri veglínan valin sem er í samræmi við það sem Fornleifavernd ríkisins bendir á í niðurstöðu sinnar umsagnar til ráðuneytisins dags. 31.05.2006. (Skv. fylgibréfi með bréfi Fornleifaverndar til Skipulagsstofnunar 29.12.2005).

Hreppsnefnd ítrekar loks enn og aftur þau sjónarmið sem fram koma í kæru hreppsnefndar og að ríkari hagsmunir felist í því að koma eina þjóðveginum um hreppinn niður á láglendi en að varðveita það birkikjarr á Hallsteinsnesi sem raskast við vegagerðina.

Reykhólum 10. ágúst 2006.
Hreppsnefnd Reykhólahrepps.